

Fallatileinkun í íslensku sem öðru máli

1. Inngangur

Verkefni kennara sem ætla að kenna útlendingum íslensku er margþætt. Eitt þeirra er að kenna málnefum málkerfi íslenskunnar hvort sem það er gert á beinan eða óbeinan hátt. Hver svo sem kennsluaðferðin er þarf kennarinn alltaf að velja þau málfræðiatríði sem hann ætla að taka fyrir og ákvarða í hvaða röð hann gerir það. Máltileinkunarfræðingar hafa lengi veitt því athygli að tileinkun annars máls fylgir einhverri þróunarröð (sjá t.d. Ellis 1994: 73–119) og tungumálakennarar og námsbókahöfundar hafa áttað sig á því að minni og hugur málnefa (e. *language learner*) vinnur ekki eins og yfirlitsbækur yfir málkerfi. Í hefðbundinni kerfislýsingu úr handbókum er beygingakerfi íslenskunnar sett upp í heild sinni og allir beygingarflokkar kynntir, jafnt reglulegir sem óreglulegir flokkar og stórir sem smáir. Að sjálfsgöðu er alltaf gagnlegt að læra um kerfi tungumáls en það er allt annað verkefni að tileinka sér tungumál; skilja það og beita því. Verkefni kennara og námsbókahöfunda felst í því að velja þau málfræðiatríði sem eru einföld og auðlærð í byrjun og bæta síðan við málfræðina smátt og smátt.¹

Kennslubók í málfræði eftir þær Ástu Svavarsdóttur og Margréti Jónsdóttur sem fyrst kom út í september 1988 markar tímamót í

1 Greinin er byggð á MA-ritgerð höfunda, sjá Maríu Önnu Garðarsdóttur og Sigríði Dagnýju Þorvaldssdóttur 2012.

málfræðikennslubókum í íslensku fyrir útlendinga. Fram að þeim tíma höfðu flestar kennslubækur í íslensku verið nokkurs konar handbækur fyrir málnefna þar sem allt kerfið lá undir, það reglulega var sett við hlið frávíkanna og gert jafnt undir höfði. Margrét og Ásta taka skýrt fram í inngangi að bókin sé ekki handbók heldur kennslubók handa byrjendum (Ásta Svavarsdóttir og Margrét Jónsdóttir 1998: v). Þær ákvarða tileinkunarröð málfræðiatríða út frá því sem er almennt og reglulegt í málinu og byggja á formdeildum fremur en orðflokkum og beygingarflokkum eins og hefðbundnar málfræðibækur gera. Þær kynna t.d. formdeildina kyn í algengum og reglulegum beygingarflokkum nafnorda í stað þess að taka fyrir alla beygingarflokka og allt beygingardæmi þeirra. Í framhaldi af því kynna þær kyn í öðrum orðflokkum, s.s. lýsingarorðum og töluorðum.

En er alveg víst að við vitum hvað málnefnum reynist einfalt og hvað flókið? Til að fá úr því skorið er nauðsynlegt að rannsaka tileinkun íslensku sem annars máls eða m.ö.o. það millimál (e. *interlanguage*) sem málnefmar í íslensku nota frá upphafi máltileinkunar og greina þróunarröð málfræðitileinkunarinnar.

Í þessari grein verður sagt frá rannsókn okkar á tileinkun falla í íslensku sem öðru máli. Rannsókn af þessu tagi hefur bæði fræðilegt og hagnýtt gildi. Annars vegar má nýta niðurstöður hennar í almennt umræðu um föll í íslensku og hins vegar geta niðurstöðurnar auðveldað kennurum og námsbókahöfundum verkið.

Hér verður fyrst sagt frá úrvinnslukenningu (e. *Processability Theory*) Manfreds Pienemann og niðurstöðum rannsóknar á tileinkun falla í þýsku sem öðru máli. Þá verður sett fram tilgáta eða stigveldisspá um tileinkun falla í íslensku sem öðru máli á grundvelli kenningarinnar og að lokum rýnt í niðurstöður athugunar á tileinkun falla í íslensku. Niðurstöðurnar benda til þess að málnefmar tileinki sér svokallað formgerðarfall síðar en reglufall.

2. Úrvinnslukenning Pienemanns

Úrvinnslukenningin sem þýski málsálfræðingurinn Manfred Pienemann setti fyrst fram 1998 er upphaflega byggð á rannsóknum hans

á þýsku millimáli² en út frá þeim rannsóknnum setti hann fram kenningu um algilda tileinkunaröð málfræðinnar, jafnt beygingarleg sem setningarleg atriði (Pienemann 1998 og 2005; María Anna Garðarsdóttir og Sigríður Dagný Þorvaldsdóttir 2012). Í úrvinnslukenningunni er litið á máltileinkun sem hugrænt ferli og þar er leitast við að skýra hvernig málneymar ná valdi á þeim hugartækjum sem eru forsenda þess að þeir geti byggt upp málkerfi nýja málsins.

Í kenningunni setur Pienemann fram tileinkunarstigveldi í fimm stigum (Pienemann 1998: 73–89) og á hverju stigi er skýrð og afmörkuð hugræn geta málneymanna sem þörf er á til að vinna úr tilteknum málfræðiformgerðum. Þar sem sett er upp algilt tileinkunarstigveldi þarf kenningin að geta náð yfir öll tungumál og öll málfræðifyrirkæri (Pienemann 1998: 35 og víðar). Til að geta notað úrvinnslustigveldið á ólík tungumál og raðað mismunandi fyrirbærum ólíkra tungumála á úrvinnslustigin er nauðsynlegt að setja fyrst niður fyrir sér hvers eðlis setningarlegar og beygingarlegar aðgerðir tungumálsins eru (Pienemann 2007b: 148). Með þessu vill Pienemann leggja áherslu á að tilteknar formgerðir eins tungumáls virðast stundum eiga sér samsvörun í öðrum málum en þegar grannt er skoðað kemur í ljós að úrvinnslan að baki formgerðunum er ekki sú sama.

Samkvæmt kenningunni fara allir málneymar í gegnum öll stigin, óháð móðurmáli, og aldrei er hægt að sleppa einu stigi né fara í gegnum þau í annarri röð. Pienemann tekur fram að formleg kennsla hafi ekki áhrif á tileinkunarröðina (Pienemann 2007b: 152) en kennsla geti hugsanlega flýtt fyrir tileinkuninni. Ferlið er hins vegar alltaf hið sama.

Hér á eftir verður stigveldi Pienemanns lýst nánar. Fyrst verður vikið að þróunarröð beygingarlegra atriða og þar á eftir fjallað um þróunarröð setningarlegra atriða.

2 Pienemann fjallar ítarlega um tilviksrannsókn sína á málneymum Guy sem var nemandi við Háskólann í Sydney. Fylgst var með Guy í eitt ár þegar hann var að læra þýsku sem erlent mál (Pienemann 1998: 117–164).

2.1 Stigveldið og þróun beygingarlegra atriða

Á grundvelli hugmyndarinnar um þáttasamræmingu³ (e. *feature unification*; Pienemann 1998: 39–88; 2005: 3–11; 2007a: 687; 2007b: 137; Hákanesson, Pienemann og Sayehli 2002) setur Pienemann upp stigveldi máltileinkunar í fimm stigum (Pienemann 1998: 78–88). Litið er á þáttasamræminguna sem sjálfstæða og sjálfvirka minnisaðgerð í huga málnemans (Pienemann 2005: 15) sem sér um að dreifa málfræðilegum upplýsingum milli orða og liða í setningunni.

Í töflu 1 er tileinkunarstigveldi Pienemanns sett upp og þar má sjá hvernig hann hugsar sér þróun málfræðinnar í huga þess sem lærir nýtt mál. Í dálki eitt er dreifingu málfræðiupplýsinganna á hverju stigi lýst. Í dálki tvö eru tilgátur okkar um nokkur beygingarlegr atriði í íslensku sem skýra hvaða málfræði er tiltæk á hverju stigi.⁴

Tafla 1. Stigveldi Pienemanns. Úrvinnsluáðgerðir og dæmi um beygingarlegra úrvinnslu í íslensku millimáli (Pienemann 1998: 87).

Úrvinnsluáðgerðir	Beygingar
5 Skipti á málfræðiupplýsingum á milli setninga	Viðtengingarháttur í aukasetningum <i>Hann heldur að hún sé færeysk</i>
4 Skipti á málfræðiupplýsingum á milli liða	Samræmi frumlags og sagnfyllingar <i>Maðurinn er góður</i> Persónusamræmi frumlags og sagnar <i>Dú borðar mikið</i>
3 Skipti á málfræðiupplýsingum innan liðar	Samræmi í nafnlið <i>Þetta er góður maður</i>
2 Engin skipti á málfræðiupplýsingum, upplýsingar koma úr orðasafni	Kyn nafnorða, <i>strákur</i> Tala nafnorða, <i>strákar</i> Tíð sagnorða, <i>borða – borðaði</i>
1 Engin málfræðiúrvinnsla	<i>Hvað segirðu gott?</i>

3 Hugmyndin um þáttasamræmingu er fengin úr hlutverkamálfræðinni (e. *Lexical-Functional Grammar*).

4 Tilgátur okkar um íslenskt millimál byggja m.a. á rannsóknum á sömu fyrirbærum í norsku, dönsku og sænsku (María Anna Gardarsdóttir og Sigríður Dagný Þorvaldsdóttir 2012: 81–90 og rit sem þar er vitnað til).

Fyrsta stigið í stigveldinu er orðastig og á því stigi er eina verkefni málnefna að læra orð og hlunka (e. *chunk*⁵; Pienemann 1998: 83). Þar sem úrvinnsla á málfræðilegum upplýsingum er ekki hafin fylgja engin málsértæk einkenni á þessu stigi. Því er ekkert sem á sérstaklega við um íslenskt millimál umfram önnur mál á stigi eitt.

Á næsta stigi, stigi tvö, ræður málnefni yfir aðgerðum sem sækja málfræðilegar upplýsingar innan orðsins eða í orðasafnið (Pienemann 1998: 83–84). Dæmi um upplýsingar af þessu tagi er kyn nafnorða og tala þeirra; *strákur* er í karlkyni og getur verið ýmist í eintölu eða fleirtölu; *strákur* – *strákar*. Annað dæmi er tíð sagnorða; *borða* – *borðaði*. Málnefni í íslensku geta sett þátíðarviðskeyti á sagnir á stigi tvö þótt þeir noti enn ekki persónubeygingu. Þeir geta líka notað nafnorð í fleirtölu. Í þessu sambandi er mikilvægt að taka fram að þegar málnefni nota þessa beygingarþætti á stigi tvö er ekki víst að þeir velji alltaf „réttar“ endingar. Formdeildin sem slík er rétt en málnefni nota kannski aðeins eina endingu sem tákn fyrir fleirtölu (t.d. fleirtöluendinguna *-ar* fyrir öll nafnorð) og eitt þátíðarviðskeyti (t.d. viðskeytið *-aði* fyrir allar sagnir). Þeir hafa tilhneigingu til að alhæfa reglulegar algengar beygingarendingar. Það er því ekki algjör óreiða í kerfinu þótt endanleg regla sé ekki komin á.

Á stigi þrjú fer þáttasamræmingin af stað. Þá er málnefni fær um að flytja málfræðilegar upplýsingar á milli orða innan eins liðar (Pienemann 1998: 84–85). Málnefni geta því á þessu stigi sagt setningar á borð við *Þetta er góður maður* og lagað lýsingarorðið að nafnorðinu sem það stendur með.

Á fjórða stigi úrvinnslustigveldisins hafa málnefni tilfinningu fyrir öllum liðum setningarinnar og því geta upplýsingaskiptin orðið á milli liða í setningunni (Pienemann 1998: 85). Dæmi um milliliðasamræmi er samræmi frumlags og lýsingarorðssagnfyllingar eins og í setningunni *Maðurinn er góður* og persónusamræmi frumlags og sagnar eins og í setningunni *Þú borðar mikið*.

5 Hlunkar eru setningar sem lærðar eru í heild og málnefni eru ekki færir um að greina einstök orð innan þeirra eða skipta út orðum og setja önnur í staðinn. Þetta eru setningar á borð við *Góðan daginn, Hvað segir þú gott?* og *Gjöfðu svo vel*. Þessar setningar hafa oft víðara merkingarsvið en samsvarandi setningar í markmálinu.

Úrvinnsluaðgerðirnar sem liggja að baki fimmta stiginu felast í upplýsingaskiptum milli aðalsetningar og aukasetningar og viðfangsefni málnemans er tileinkun á reglum aukasetninga sem víkja frá reglum aðalsetninga (Pienemann 1998: 85–86). Viðtengingarháttur í aukasetningum eins og í setningunni *Hann beldur að hún sé færeysk* er gott dæmi um beygingarlegt atriði sem krefst upplýsingaskipta á milli aðal- og aukasetningar. Það er merking sagnarinnar í aðalsetningunni sem ræður hætti (og tíð) sagnarinnar í aukasetningunni.

2.2 Stigveldið og þróun setningarlegra atriða

Þar sem þáttasamræmingin skýrir einkum upplýsingaskipti sem taka til beygingarlegra þátta þarf Pienemann að nýta sér setningarleg hugtök til að skýra nánar þróun setningagerða frá hlutlausri formgerð yfir í flóknari formgerðir sem málnemar nota á seinni stigum máltileinkunarinnar. Í því skyni nýtir Pienemann sér samspil merkingarhlutverka (a-gerð; e. *argument structure*), málfræðihlutverka (f-gerð; e. *functional structure*) og stöðu liðanna í setningum (c-gerð; e. *constituent structure*). Á mynd 1 er samspil setningastiganna þriggja skýrt (Pienemann 2007b: 143–145).

Mynd 1. Þrjú stig setningar (Pienemann 2007b: 144).

a-gerð (merkingarhlutverk)	→	gerandi	þema	staður
f-gerð (málfræðihlutverk)	→	FRUMLAG	ANDLAG	FYLLILIÐUR
c-gerð (setningarstaða)	→	NL _{fruml}	NL _{andl}	FL
		Jón [kastar]	boltanum	í vatnið

Neðst á mynd 1 sjáum við c-gerðina þar sem skilgreindir eru liðir setningarinnar og staða þeirra. Þar fyrir ofan er f-gerðin þar sem málfræðileg hlutverk eru skilgreind og efst sjáum við a-gerðina þar sem merkingarhlutverkin eru skilgreind.

Samspil setningastiganna þriggja, a-gerðar, f-gerðar og c-gerðar, felst í vörpunum. Annars vegar er gert ráð fyrir vörpun úr a-gerð yfir í f-gerð og hins vegar úr c-gerð yfir í f-gerð (Pienemann, Di Biase og Kawaguchi 2005). Til að skýra þessar varpanir betur er gagnlegt að nýta sér umræðu um föll og fallaúthlutun í íslensku. Þar hefur skapast sú hefð⁶ að skipta falli rökliða í formgerðarfall (e. *structural case*) annars vegar og orðasafnsfall (e. *lexical case*) hins vegar (Jóhannes Gísli Jónsson 1997–98 og 2005; Þórhallur Eyþórsson 2000; Maling 2001 og 2002; Jóhannes Gísli Jónsson og Þórhallur Eyþórsson 2003; Höskuldur Thráinsson 2007; Jóhannes Gísli Jónsson og Thórhallur Eythórsson 2005 og 2011).⁷ Segja mætti að formgerðarfall lýsi samspili c-gerðar og f-gerðar en orðasafnsfall lýsi tengslunum milli a-gerðar og f-gerðar. Til hægðarauka eru þessar samsvaranir settar upp í töflu 2.

Tafla 2. Samsvaranir hugtaka.


Samspil a-gerðar og f-gerðar (merkingar- og málfræðihlutverk) = orðasafnsföll

Samspil c-gerðar og f-gerðar (setningarstaða og málfræðihlutverk) = formgerðarfall

Pienemann hefur sett fram tvær tilgátur um þróun setningagerða, annars vegar tilgátu um þróun tengslanna milli málfræðihlutverka og setningarstöðu og hins vegar tilgátu um þróun tengslanna milli merkingarhlutverka og málfræðihlutverka (Pienemann 2005: 225–245). Í báðum tilgátunum er gert ráð fyrir því að í upphafi máltileinkunar notist málneymar við beina og línulega vörpun á milli setningastiganna þriggja, a-gerðar, f-gerðar og c-gerðar, eins og við sjáum á mynd 2.

6 Þessa hefð, sem er í anda hlutverkamálfræðinnar, má rekja allt aftur til níunda áratugarins í greinum Zaenen, Maling og Höskuldar Þráinssonar (1985), Yip, Maling og Jackendoff (1987) og Zaenen og Maling (1990).

7 Ekki er allir sammála þessari tvískiptingu falla. Jóhanna Barðdal (2011) færir t.d. rök fyrir því að öll föll í íslensku séu orðasafnsföll og samkvæmt því ætti þróun fallaúthlutunar öll heima undir þróun tengslanna milli a- og f-gerðar.



Mynd 2. Bein vörpun (Baten 2011: 471).

Beina vörpunin sem við sjáum á myndinni getur skýrt hvers vegna ýmsar fallmyndir koma fyrir á byrjendastigi, en ekki bara nefnifall; ekki-geranda er varpað á ekki-upphafsstöðu sem er varpað á ekki-frumlag sem er varpað á ekki-nefnifall. Málnemar geta í upphafi rambað á rétt fall þótt aðgreining á andlagsfalli sé ekki komin.

2.2.1 Þróun tengslanna milli málfræðihlutverka og stöðu orða í setningunni

Fyrri tilgáta Pienemanns varðar samspil c- og f-gerðar, þ.e. tengsl málfræðihlutverka og stöðu orða í setningunni. Í töflu 3 er tileinkunarstigveldi Pienemanns sett upp og þar má sjá hvernig Pienemann hugsar sér þróun setningagerða í huga þess sem lærir nýtt mál. Í dálki eitt er setningarlegum úrvinnsluaðgerðum lýst. Í dálki tvö eru tilgátur okkar um hvaða setningarlegu atriði í íslensku eigi heima á hverju stigi sem skýra betur hvaða málfræði er tiltæk á hverju stigi.⁸

8 Tilgátur okkar um íslenskt millimál byggja m.a. á rannsóknum á sömu fyrirbærum í skyldum tungumálum (María Anna Gardarsdóttir og Sigríður Dagný Þorvaldsdóttir 2012: 81–90 og rit sem þar er vitnað til).

Tafla 3. Stigveldi Pienemanns. Úrvinnsluáðgerðir og dæmi um setningarlega úrvinnslu í íslensku millimáli (Pienemann 1998: 87).

Úrvinnsluáðgerðir	Setningagerðir
5 Önnur orðaröð í spurnaraukasetningum en í spurnaraðalsetningum (e. <i>cancel inversion</i>)	Jón spurði hvað klukkan væri
4 Umröðun frumlags og sagnar Setningarleg fallmörkun	Í dag borðar strákurinn mikið Ég elska þig
3 Liður færður fremst í setningu	Í dag strákurinn borðar fisk
2 Hlutlaus orðaröð, í íslensku er hún frumlag – sögn – andlag (FSA)	Strákurinn borðar fisk
1 Orðastig	Hvað segirðu gott?

Á stigi eitt eru málnemar einungis færir um að læra orð og hlunka. Setningar skynja þeir sem eina heild og þeir aðgreina ekki einstök orð í setningum á borð við *Hvað segirðu gott?*

Á stigi tvö reiða málnemar sig eingöngu á setningarstöðuna, þ.e. þeir nýta sér beina vörpun eins og við sáum á mynd 2 hér að framan. Þeir túlka alla rökliði sem eru í upphafsstöðu sem frumlag og liðinn fyrir aftan sögn sem ekki-frumlag og geta því myndað setningar á borð við *Strákurinn borðar fisk.*⁹

Á stigi þrjú birtast setningaaðgerðir sem felast í því að málnemar geta nú fært lið aftast úr setningu fremst þannig að nú má búast við því að setningar málnemanna geti byrjað á einhverju öðru en frumlagi. En þó að þeir hafi tilfinningu fyrir liðum og geti þar með flutt lið fremst í setningu, styðjast þeir enn við beina vörpun. Því vîkur formgerð setninganna á þessu stigi frá eðlilegri orðaröð í íslensku þegar liður er færður fremst eins og við sjáum í setningunni *Í dag strákurinn borðar fisk.* Málneminn er ekki fær um að umræða frumlagi og sögn þar sem slík úrvinnsla tilheyrir stigi fjögur.

Setningaaðgerðir á fjórða stiginu gera málnemum kleift að aðgreina einstaka liði setningarinnar og þar af leiðandi geta þeir vikið frá beinni vörpun. Það birtist til dæmis í umröðun frumlags og sagnar eins og við sjáum í setningunni *Í dag borðar strákurinn mikið.*

9 Dæmigerð frávik málnema á þessu stigi eru setningar á borð við *Þarna býr fjölskyldu.* Í þessari setningu er liðurinn fyrir aftan sögn túlkaður sem ekki-frumlag og fær ekki-nefnifall.

Á þessu stigi hefst setningarleg fallmörkun (þ.e. úthlutun formgerðarfalls) og málneminn verður fær um að úthluta setningarlegu falli eins og við sjáum dæmi um í setningunni *Ég elska þig* í töflu 3.

Formgerðarfall í íslensku er nefnifall frumlaga og þolfall sagnarandlaga. Rökliðirnir í setningunni *Ég elska þig*, frumlagið (*ég*) og andlagið (*þig*), koma ómerktir úr orðasafninu og þeim er úthlutað falli eftir almennri setningarlegri reglu, fallið ræðst af yfirborðsgerð setninga og Jóhannes Gísli Jónsson (1997–98: 20) segir það óháð merkingarhlutverkum. Það er samspilið milli málfræðihlutverkanna og setningarstöðu rökliðanna sem ákvarðar fallið. Rökliðirnir hafa fengið hlutverkslegt gildi á stigi fjögur. Málnemar þurfa því ekki lengur að nýta sér beina vörpun eða stöðu orðanna í setningunni til að tjá hver gerir hvað við hvern heldur geta þeir stuðst við málfræðihlutverkin hver svo sem orðaröðin er. Þeir eru nú færir um að bera kennsl á frumlög og andlög þó að þau standi ekki lengur á sínum hlutlausu stað í setningunum.

Úrvinnsluadgerðirnar sem liggja að baki fimmta stiginu felast í upplýsingaskiptum milli aðalsetningar og aukasetningar og viðfangsefni málnemans er tileinkun á reglum aukasetninga sem víkja frá reglum aðalsetninga (Pienemann 1998: 85–86). Í íslensku er gjarnan litið svo á að ekki sé kerfisbundinn munur á orðaröð í aðal- og aukasetningum¹⁰ (Svavar Sigmundsson 1987; Ásgrímur Angantýsson 2001 og 2011) eins og er í skandinavískum málum þar sem neitun er t.d. fyrir aftan sögnina í aðalsetningum eins og í setningunni *Jeg spiser ikke fisk* en hins vegar fyrir framan sögnina í aukasetningum eins og í setningunni *Han siger at jeg ikke spiser fisk*. Í íslensku má þó finna dæmi um kerfisbundinn mun á orðaröð í beinum og óbeinum spurnarsetningum (sjá t.d. Höskuld Þráinsson 2005: 53) eins og sjá má dæmi um í setningunni *Jón spurði hvað klukkan væri* í töflu 3. Þar er orðaröðin hlutlaus, þ.e. frumlag er á undan sögn. Í beinum spurnarsetningum færir sögnin hins vegar fram fyrir frumlagið eins og í setningunni *Hvað er klukkan?*

10 Ásgrímur Angantýsson (2001 og 2011) bendir á að tilbrigði finnst í orðaröð í aukasetningum í íslensku þó munurinn sé ekki kerfisbundinn. Tilbrigðin eru auk þess háð ákveðnum skilyrðum.

2.2.2 Þróun tengslanna milli merkingarhlutverka og málfræðihlutverka

Víkjum nú að seinni tilgátu Pienemanns sem snýr að þróun tengsla milli a-gerðar og f-gerðar. Í töflu 2 var þessum tengslum lýst með hugtakinu orðasafnsfall. Rökliðir sem fá orðasafnsföll eru sérmerktir í orðasafni og fallinu er úthlutað þar (Jóhannes Gísli Jónsson 1997–98: 20). Orðasafnsföll er því undantekning frá hinni almennu setningarlegu reglu, eða formgerðarfalli, og þau þarfnast því sérmerkingar frá upphafi.

Þróunarstig tengslanna milli a- og f-gerðar hafa ekki verið útfærð nákvæmlega í úrvinnslukenningunni en Pienemann gerir ráð fyrir því að málneymar nýti sér beina og sjálfgefna vörpun þar á milli í byrjun eins og við sáum á mynd 2. Þessi beina vörpun felst í því að geranda, hæsta merkingarhlutverkinu í stigveldisröð merkingarhlutverka,¹¹ er varpað á frumlagið. Síðar verða málneymar færir um að víkja frá þessari beinu og sjálfgefnu vörpun og geta þá framleitt flóknari og ólínulegri formgerðir. Það gerist t.d. þegar málneymar fara að tileinka sér sagnir sem víkja frá meginreglum markmálsins, þ.e. sagnir þar sem tengslin milli merkingarhlutverka og málfræðihlutverka eru ekki sjálfgefin og bein.

Í setningunum í (1) er merkingarhlutverkinu skynjandi¹² varpað á frumlag. Skynjandi er þriðja hæsta merkingarhlutverkið í stigveldi merkingarhlutverka og hér er því flóknari vörpun á ferð heldur en þegar geranda (hæsta merkingarhlutverkinu) er varpað á frumlag. Í skynjandafrumlögum í setningunum í (1a–c) eru tengslin þó misflókin eftir því hvaða fall er á frumlaginu.

- (1) a. *Ég* hugsa það
 b. *Mér* finnst gaman í skólanum
 c. *Mig* langar heim

11 Merkingarlega hliðin á rökliðagerðinni lýsir því hver gerir hvað við hvern í setningunni og hún byggist á algildu stigveldi merkingarhlutverka: gerandi > þiggjandi (e. *beneficiary*) > skynjandi (e. *experiencer*) og mark (e. *goal*) > verkfæri (e. *instrument*) > þolandi (e. *patient*) og þema (e. *theme*) > staður (e. *locative*) (Pienemann, Di Biase og Kawaguchi 2005: 214–215).

12 Skynjandi er lifandi vera sem upplifir tilfinningu, skynjun eða hugsun án þess að hafa stjórn á því (Jóhannes Gísli Jónsson 2005: 374).

Í setningu (1a) er frumlagið í nefnifalli, í setningu (1b) er það í þágufalli og í setningu (1c) er það í þolfalli. Venjulega er gert ráð fyrir því að fallið í setningu (1a) sé formgerðarfall og þar með eru tengslin milli merkingar- og málfræðihlutverka upphafin þar sem fallaúthlutunin gerist á setningarlegu plani, óháð merkingarhlutverkum.

Orðasafnsfallið í setningunni í (1b) hefur verið kallað reglufall (e. *thematic case*; Jóhannes Gísli Jónsson 1997–98: 21). Mörg skynjandafrumlög eru í þágufalli í íslensku¹³ og fallið þar með tengt merkingu og fyrirsegjanlegt. Rannsóknir á þágufallshneigð (Ásta Svavarsdóttir 1982; Eiríkur Rögnvaldsson 1983; Ásta Svavarsdóttir, Gísli Pálsson og Þórólfur Þórlindsson 1984; Þórhallur Eyþórsson 2000; Jóhannes Gísli Jónsson og Thórhallur Eythórsson 2005) renna stoðum undir þá skoðun að þágufall á frumlögum sé nátengt merkingarhlutverkinu skynjandi.¹⁴

Þolfallið í setningunni í (1c) lýsir sömu tengslum en er þó flóknara að því leyti að þolfall er sjaldgæft á skynjendafrumlögum og er því kallað furðufall (e. *idiosyncratic case*; Jóhannes Gísli Jónsson 1997–98: 21). Furðuföll eru algerlega ófyrirsegjanleg út frá merkingu.

Fleiri rökliðir hafa skýrt og afmarkað merkingarhlutverk, t.d. óbein andlög tveggja andlaga sagna (Ég *sendi bonum bréf*) og andlög svokallaðra „hjálpa“-sagna (Ég *hjálpa bonum*; Maling 2002) en bæði andlögin hafa merkingarhlutverkið mark¹⁵ (þ.e. viðtakandi eða þiggjandi). Þágufall í þessum andlögum er því reglufall og fyrirsegjanleg út frá merkingu.

3. Föll í úrvinnslustigveldinu

Í þessum kafla verður fjallað nánar um fall í máltileinkun í tengslum við úrvinnslukenninguna. Fyrst verður sagt frá rannsókn fræðimanns-

13 Þó skynjendafrumlög séu mörg í þágufalli er rétt að geta þess að þau eru mun fleiri í nefnifalli (Jóhannes Gísli Jónsson 1997–98).

14 Alhæfingar hjá málnefum okkar sem birtast í setningum á borð við *mér er svo beisk* og *mér bugsa* styðja líka hugmyndina um að þágufallið sé reglufall í skynjendafrumlögum.

15 Mark er alltaf notað um hreyfingu, hvort sem um er að ræða eiginlega hreyfingu til einhvers staðar, t.d. til *Parísar*, eða viðtakanda í yfirfærðri merkingu, t.d. (gefa) *mér* (penna) (Jóhannes Gísli Jónsson 2005: 374).

ins Kristofs Baten (2011) á tileinkun falla í þýsku sem öðru máli. Því næst setjum við fram spá um tileinkunarröð falla í íslensku sem öðru máli.

3.1 Rannsókn á tileinkun falla í þýsku sem öðru máli

Belgíski fræðimaðurinn Kristof Baten (2011) rannsakaði nýlega föll sagnarandlaga og nafnliða í forsetningarliðum í þýsku út frá úrvinnslukenningunni og setti upp fallastigveldi fyrir þýsku. Baten gerir ráð fyrir því að fallaúthlutun sem gerist í samspili c- og f-gerðar þróist frá hlutlausri orðaröð þar sem setningarstaðan stjórnar fallinu yfir í frávik frá hlutlausri orðaröð á síðari stigum máltileinkunar þegar málnemar fara að skynja málfræðihlutverk rökliðanna óháð setningarstöðunni. Í töflu 4 sjáum við fallastigveldi Batens.

Tafla 4. Spá Batens um fallastigveldi í þýsku sem öðru máli (Baten 2011: 483).

Úrvinnsluadgerðir	Þróun falla	Þróun setningagerðar
4 Skipti á málfræðiupplýsingum á milli liða	Aðgreining á þf./þgf. í andlögum sagnorða Aðgreining þf./þgf. í forsetningaliðum þar sem forsetning stýrir tveimur föllum	Ólínuleg vörpun → Andlag í þolfalli á undan sagnorði Frumlag í nefnifalli á eftir sagnorði
3 Skipti á málfræðiupplýsingum innan liðar	Aðgreining þf./þgf. í forsetningaliðum	
2 Engin skipti á málfræðiupplýsingum, upplýsingar koma úr orðasafni	Sjálfgefið nefnifall	Bein línuleg vörpun → Aukafall á eftir sagnorðum

Eins og sjá má í töflunni gerir Baten ráð fyrir því að úthlutun nefnifalls gerist á stigi tvö.¹⁶ Nefnifallið er þar með orðasafnsmynd og krefst ekki mikillar úrvinnsluorku þar sem það kemur sem slíkt úr orðasafni án upplýsingaskipta innan eða milli liða.

Á stigi þrjú sér úrvinnslubúnaðurinn til þess að upplýsingaskipti verða milli orða innan liðar. Málneminn getur þá geymt upplýs-

16 Föllin koma fyrir á stigum 2, 3 og 4, þess vegna vantar stig 1 og 5 í úrvinnslustigveldið.

ingar innan forsetningarliðar og flutt þær milli höfuðsins (forsetningarinnar) og nafnliðarins. Hér er átt við forsetningar í þýsku sem stýra annaðhvort þolfalli (t.d. *bis, durch, für*) eða þágufalli (t.d. *aus, bei, mit*) en ekki þær sem geta stýrt tveimur föllum (t.d. *in, an, auf, über, unter*), annað hvort þolfalli eða þágufalli (Baten 2011: 459).¹⁷

Á stigi fjögur er komið að fallmörkun andlaga. Málnemi getur nú flutt upplýsingar á milli liða í setningunni og föll á þessu stigi fá hlutverkslegt gildi. Þar með er aðgreining á þolfalli og þágufalli möguleg og málnemar geta líka fært nafnliði til innan setningarinnar, þeir geta haft beint andlag í þolfalli á undan sögn og frumlag í nefnifalli á eftir sögn. Auk þess gerir Baten ráð fyrir því að málnemar verði færir um að nota forsetningar sem geta stýrt tveimur föllum á kerfisbundinn hátt á þessu stigi. Það er rökrétt þar sem notkun þeirra krefst úrvinnslu á setningaplani þar sem það er merking sagnarinnar sem ræður fallinu á nafnlið forsetningarinnar.

3.2 Stigveldisspá um föll í íslensku

Fallaspá Batens tekur aðeins til þróunarinnar á milli c-gerðar og f-gerðar, þ.e. málfræðihlutverk í tengslum við setningastöðu. Hann rannsakar ekki sérstaklega tengslin á milli a-gerðar og f-gerðar, þ.e. á milli merkingarhlutverka og málfræðihlutverka. Hér verður gerð tilraun til að setja fram stigveldisspá um þróun falla í íslensku, en hún byggir m.a. á niðurstöðum Batens. Hér má líka nefna rannsókn Maisu Martin (2002) á finnsku sem öðru máli í anda úrvinnslukenningarinnar. Martin dregur þá ályktun út frá niðurstöðum sínum að fallmörkun liggja á mismunandi stigum í úrvinnslustigveldinu. Merkingarleg föll segir hún koma á undan setningarlegum föllum, þ.e. strax á stigi 2 þar sem upplýsingarnar um föllin koma með orðunum úr orðasafni.

Við setjum fram spá um þróun tengsla milli setningarstiganna þriggja í tvennu lagi. Annars vegar skoðum við þróun tengslanna á milli merkingarhlutverka og málfræðihlutverka, þ.e. þróun orða-

17 Eins og í þýsku eru algengar staðarforsetningar í hópi þeirra forsetninga sem stýra ýmist þolfalli eða þágufalli í íslensku, t.d. forsetningarnar í og á. Ekki er ólíklega að málnemar noti þessar forsetningar aðeins í einu falli (þágufalli) í byrjun máltileinkunar, þ.e. noti forsetningarnar í og á sem einfallsforsetningar. Við skoðuðum ekki forsetningarliði sérstaklega í gögnum okkar; athugun á þeim bíður betri tíma.

safnsfalls og hins vegar á milli málfræðihlutverka og setningarstöðu, þ.e. setningarlegs falls. Lítum fyrst á spá okkar um þróun falla í frumlögum í töflu 5.

Tafla 5. Stigveldisspá um þróun falla í frumlögum.

Málfræðiupplýsingar	Orðasafnsfall (merkingarhlutverk ~ málfræðihlutverk)	Setningarlegt fall (setningastaða ~ málfræðihlutverk)
4 Upplýsingar um fall úr sagnlið í nafnlið	Furðufall tengist málfræðihlutverkum <i>Mig langar heim</i>	Setningarleg fallaúthlutun hefst Frumlag á eftir sögn í formgerðarfalli/reglufalli/furðufalli <i>Á morgnana les strákurinn mikið</i> <i>Stundum finnst mér ís góður</i> <i>Í kvöld langar mig í bíó</i>
3	Reglufall tengist málfræðihlutverkum <i>Mér finnst gaman</i>	Frumlag í nefnifalli/reglufalli í 1. sæti <i>Strákurinn les mikið</i> <i>Mér finnst gaman</i>
2 Upplýsingar um nefnifall eru í orðasafni	Bein vörpun: gerandi = frumlag → nefnifall <i>Strákurinn les mikið</i>	Bein vörpun: Frumlag í nefnifalli í 1. sæti <i>Strákurinn les mikið</i>

Eins og sjá má í töflu 5 gerum við ráð fyrir því að málneymar fái upplýsingar um nefnifallið úr orðasafninu strax á stigi tvö og orðið komi í nefnifalli úr orðasafni. Málneymar styðjast hér við beina vörpun þar sem gerandi er frumlag í fyrsta sæti. Nefnifallið er því ekki formgerðarfall á þessu stigi og verður það ekki fyrir en hægt er að sýna fram á að málneymar noti frumlag (og andlag) óháð setningastöðu, t.d. frumlög í nefnifalli á eftir sögn en ekki eingöngu í 1. sæti. Nefnifallið er því einhvers konar grunnmynd eða orðasafnsmynd.

Á stigi þrjú eru tengsl merkingarhlutverka og málfræðihlutverka að þróast og málneymar víkja frá beinum línulegum tengslum. Þeir tengja ný merkingarhlutverk við málfræðihlutverkið frumlag og tengslin hætta að vera eingöngu línuleg og sjálfgefin eins og á stigi tvö. Eins og fjallað var um í kafla 2.2.2 tengist þágufall í frumlögum merkingarhlutverkinu skynjandi eins og við sjáum í setningunni *Mér finnst gaman* í töflu 5, þágufallið er reglufall í frum-

lögum.¹⁸ Við spáum því að málnemar verði færir um að aðgreina nefnifallið og reglufallið í frumlögum á stigi þrjú.

Hvað varðar tengsl setningarstöðu og málfræðihlutverks styðjast málnemar á stigi þrjú enn við línuleg tengsl þannig að setningar víkja ekki frá hlutlausri orðaröð. Frumlag er í fyrsta sæti, hvort sem það er í nefnifalli eða reglufalli, og allir liðir sem eru í fyrsta sæti í setningunni eru túlkaðir sem frumlag.

Á fjórða stiginu fara tengsl merkingarhlutverka og málfræðihlutverka að styrkjast og dýpka, þ.e. málnemar ráða við enn sértækari og ólínulegri tengsl þar á milli og aðgreining verður á milli reglufalls og furðufalls í frumlögum eins og við sjáum í setningunni *Mig langar heim* í töflu 5. Varpanir á milli merkingarhlutverka og málfræðihlutverka geta verið býsna flóknar í umsagnarliðum sem hafa furðuföll á frumlögum sínum. Furðuföll á frumlögum heyra til undantekninga í íslensku og tilheyra gjarnan orðaforða sem er ekki dæmigerður orðaforði byrjenda í málinu eins og í setningum á borð við *Daginn lengir* og *Sólarinnar gætir*.

Um leið þróast tengslin milli setningastöðu og málfræðihlutverka á þann hátt að málnemar á stigi fjögur þurfa ekki lengur að styðjast við stöðu orðanna í setningunni heldur geta þeir umræðað frumlagi og sögn og borið kennsl á frumlagið þó að það standi á eftir sögninni, hvort sem frumlagið er í nefnifalli, reglufalli eða furðufalli. Dæmi um þetta sjáum við í setningunum *Á morgnana les strákurinn mikið*, *Stundum finnst mér ís góður* og *Í kvöld langar mig í bíó* í töflu 5.

Í stuttu máli hljóðar spá okkar um þróun frumlagsfalls á þessa leið: Nefnifall á frumlögum í fyrsta sæti hefur sterka stöðu alveg frá byrjun. Síðar tileinka málnemar sér reglufall í frumlögum og að lokum furðufall. Hvað varðar setningarlegt fall verður nefnifall fyrst formgerðarfall á fjórða stigi þegar málnemar eru færir um að bera kennsl á frumlag annars staðar en í upphafsstöðu. Lítum næst á stigveldisspá okkar fyrir þróun falla í andlögum í töflu 6.

18 Það má gera ráð fyrir því að málnemar fari fyrst að nota þágufall með skynjandasögnum eins og *finnst* og í sagnasamböndum eins og *mér er heitt*. Síðar, með auknum orðaforða, nota þeir frumlög í þágufalli með sjaldgæfari skynjandasögnum eins og *sárna*, *kólna* o.s.frv.

Tafla 6. Stigveldisspá um þróun falla í andlögum.

Málfræðiupplýsingar	Orðasafnsfall (merkingarhlutverk ~ málfræðihlutverk)	Setningarlegt fall (setningastaða ~ málfræðihlutverk)
4 Upplýsingar um fall úr sagnlið í nafnlið	Furðufall tengist málfræðihlutverkum <i>Hann lýsir myndinni vel</i>	Setningarleg fallaúthlutun hefst Andlag á undan sögn í formgerðarfalli <i>Þessa sögu las ég aldrei</i>
3	Reglufall tengist málfræðihlutverkum <i>Hann hjálpaði mér Hann sendi mér bréfið</i>	Ekki-nefnifall á eftir sagnorðum <i>Ég les bókina/bókinni</i>
2	Bein vörpun: Ekki- gerandi = Ekki- frumlag <i>Ég les bókina/bókinni</i>	Bein vörpun: Ekki-frumlag á eftir sagnorðum (Ekki-nefnifall) <i>Ég les bókina/bókinni</i>

Í töflu 6 má sjá að samkvæmt spá okkar styðjast málnemar ein-
göngu við beina vörpun á stigi tvö, bæði á milli merkingarhlut-
verka og málfræðihlutverka og á milli setningarstöðu og málfræði-
hlutverka. Það má því búast við að sjá aukafall á andlögum á þessu
stigi en notkun aukafallanna væri þó ekki kerfisbundin. Þolfallið er
ekki orðið formgerðarfall á þessu stigi þar sem það hefur ekki tengst
málfræðihlutverkinu andlagi heldur aðeins hlutverkinu ekki-frum-
lag þegar málnemar styðjast við beina vörpun. Þess vegna má búast
við að sjá á þessu stigi setningar á borð við *Ég les bókina* eða *Ég les
bókinni*, þ.e. öll aukaföll¹⁹ tákna ekki-frumlag.

Á stigi þrjú eru tengsl merkingarhlutverka og málfræðihlut-
verka að þróast og fara málnemar að víkja frá beinum línulegum
tengslum og geta tengt skýrt afmörkuð merkingarhlutverk við
andlag eins og sjá má í töflu 6. Eins og rætt var í kafla 2.2.2 hafa
óbein andlög tveggja andlaga sagna og andlag „hjálpa“-sagna lang-
oftast merkingarhlutverkið mark (Jóhannes Gísli Jónsson 1997–98:
21; Maling 2002: 60).²⁰ Þar af leiðandi spáum við því að málnemar

19 Það er líklega ekki rétt að gera ráð fyrir eignarfalli sem andlagsfalli til jafns við þolfall og þágufall
þar sem eignarfallið er mun sjaldgæfara í stöðu sagnarandlaga.

20 Myndin er þó ekki alveg svona einföld. Önnur mynstur í tveggja andlaga sögnum eru möguleg,
ekki bara mynstrið þf.-þgf. Auk þess hafa nokkrar sagnir með „hjálpa“-merkingunni andlög í
þolfalli (Maling 2002).

tengi á þessu stigi reglufall í andlögum, þágufall, við skýrt afmörkuð merkingarhlutverk eins og mark á sama hátt og við gerðum ráð fyrir að þeir tengi regluföll í frumlögum við merkingarhlutverkið skynjandi. Á stigi þrjú geta málneymar því sagt setningar á borð við *Hann hjálpaði mér* og *Hann sendi mér bréfið*, eins og sjá má í töflu 6, þar sem merkingarhlutverkin á þágufallsandlögum eru mark.

Á stigi þrjú gerum við ráð fyrir því að tengslin milli setningastöðu og málfræðihlutverka hafi ekki þróast frá fyrra stigi og víkja málneymar ekki frá hlutlausri orðaröð.

Á stigi fjögur spáum við því að tengslin á milli merkingarhlutverka og málfræðihlutverka hafi þróast enn frekar þannig að málneymar verða færir um að tileinka sér og nota umsagnarliði þar sem vörpunin er mjög flókin og ólínuleg. Slíkir umsagnarliðir úthluta til dæmis andlögum sínum furðufalli eins og sagnirnar *sakna*, *gæta* og *lýsa*. Á þessu stigi geta málneymar sagt setningu eins og *Hann lýsir myndinni vel* eins og sjá má í töflu 6. Þágufallið á andlaginu *myndinni* er furðufall, ólíkt reglufallinu á andlaginu *mér* í setningunum *Hann hjálpaði mér* og *Hann sendi mér bréfið* á stigi þrjú í töflu 6.

Á stigi fjögur gerum við ráð fyrir því að tengslin á milli setningastöðu og málfræðihlutverka þróist á þann hátt að málneymar þurfi ekki lengur að reiða sig á bein línuleg tengsl heldur geta vikið frá hlutlausri orðaröð og fært liði til innan setningar. Þannig getur andlag nú færst fram fyrir sögn en haldið sínu andlagshlutverki og þar með falli eins og í setningunni *Þessa sögu las ég aldrei* sem sjá má í töflu 6.

Samkvæmt spá okkar ættu málneymar á stigi fjögur að ráða við sagnaandlög á kerfisbundinn hátt og geta nýtt sér alla möguleika fallakerfisins, þó er ekki útilokað að mjög flóknar og sértækar varpanir birtist ekki fyrr en á stigi fimm.²¹

Í stuttu máli hljóðar spá okkar um þróun andlagsfalls á þessa leið: Málneymar styðjast við beina vörpun í byrjun. Síðar tileinka þeir sér reglufall í andlögum og þar á eftir tileinka þeir sér furðufall og formgerðarfall.

21 Það má t.d. ímynda sér að viðurlög séu þess eðlis að málneymar þurfi úrvinnslugetu sem gerir þeim kleift að flytja málfræðiupplýsingar á milli setninga (sjá t.d. umfjöllun Eiríks Rögnvaldssonar (1984) um eðli viðurlaga).

4. Athugun á notkun falla í íslensku

Í þessum kafla verða niðurstöður athugunar okkar á fallatileinkun í íslensku sem öðru máli kynntar og ræddar. Niðurstöðurnar verða bornar saman við fallaspána sem sett var fram í kaflanum hér á undan.

4.1 Gögn og álitamál

Hér verður fjallað um þann efnivið sem athugunin er byggð á og bakgrunn málnemanna. Þó ekki sé gert ráð fyrir því í úrvinnslukennningunni að bakgrunnur málnema breyti tileinkunarferlinu sjálfu er ekki útilokað að meðvitað nám og sterkur hvati geti flýtt ferlinu. Það er líka nauðsynlegt að fara nokkrum orðum um gögnin og þau vandamál sem komu upp við túlkun gagnanna.

Málnemar í athuguninni voru 28 byrjendur sem stunduðu nám á fyrsta ári í íslensku sem öðru máli við Háskóla Íslands kennsluárið 2000–2001. Í hópnum voru 17 konur og 11 karlar og málnemarnir höfðu 11 mismunandi tungumál að móðurmáli.

Í stuttu máli má segja um málnemahópinn í heild að hann getalist nokkuð einsleitur þrátt fyrir ólík móðurmál. Þátttakendur eru allflestir ungir háskólanemar komnir til Íslands í þeim tilgangi að læra íslensku í Háskóla Íslands. Það er innri hvöt og áhugi sem drífur þá áfram en ekki erfiðar aðstæður sem neyða þá til að læra málið.

Gögnin í rannsókninni eru tvö textasöfn sem málnemarnir skrifuðu í lokaprófum í tveimur námskeiðum í rituðu máli, öðru í desember árið 2000 og hinu í maí 2001.

Í athuguninni voru öll frumlög og andlög sagna athuguð. Frumlög og andlög í desember voru borin saman við frumlög og andlög í maí til að sjá þróunina í tileinkuninni. Rétt er að ítreka hér að þegar við skoðum föll út frá úrvinnslukennningunni skoðum við þau sem setningarlegt fyrirbæri, þ.e.a.s. við leitumst við að koma auga á hvort fallaúthlutun hafi hafist í málkerfi málnema. Við athugum það óháð því hversu rétt form málneminn notar. Við skoðum sem sagt ekki hversu nákvæmir málnemar eru í notkun á mis-

munandi beygingarendingum falla²² heldur metum við hvort sjá megi vísbendingar um fallanotkun (Pienemann 1998: 113). Mismunandi beygingarendingar eru að sjálfsgögðu birtingarmyndir fallaúthlutunar og við notum þær sem áþreifanlegan vitnisburð um fallaúthlutun sem er abstrakt fyrirbæri, þ.e. það þarf að rýna í endingarnar þótt þær séu ekki hið raunverulega viðfangsefni heldur það sem þær tjá.

Þar sem fallaúthlutun er meginviðfangsefni athugunarinnar en ekki beygingarendingar sem slíkar greinum við frávik eða villur á annan hátt en menn eiga að venjast. Ímyndum okkur málnema sem segir setninguna í (2).

(2) Hann er í *íbúðinu*

Í setningunni í (2) er auðvitað ekki rétt ending á orðinu *íbúð* en að okkar mati er ástæðan ekki sú að málneminn hafi ekki vald á fallaúthlutun heldur notar hann orðið *íbúð* í hvorugkyni í stað kvenkyns, þ.e. hann hefur orðið *íbúð* í röngum beygingarflokki. Endingin er því „rétt“ í máli hans þegar aðeins er horft til fallaúthlutunar. Túlkun okkar á dæmum af þessu tagi er byggð á úrvinnslukenn-ingunni þar sem slík ending er talin birtingarmynd fallaúthlutunar þótt hún sé ekki í samræmi við reglur markmálsins (Pienemann 1998: 113).

Sú staðreynd að íslenska er samrunamál þar sem ein beygingarending getur haft mörg hlutverk getur valdið vandkvæðum í túlkun gagna. Í gögnum okkar er því mikill fjöldi óræðra dæma en það eru þau tilvik þar sem beygingarendingin sýnir ekki ótvírætt hvaða fall málneminn hefur í huganum. Orðmyndin *þenna* gæti t.d. verið öll aukaföllin þrjú í eintölu og þolfall og eignarfall fleirtölu. Þessi óræðu dæmi voru ekki höfð með í lokaniðurstöðum athugunarinnar.²³

22 Rannsókn Kolbrúnar Friðriksdóttur fjallar einmitt um það (2004).

23 Sjá nánari umfjöllun um gögn, flokkun þeirra og álitamál hjá Maríu Önnu Garðarsdóttur og Sigríði Dagnýju Þorvaldsdóttur (2012: 115–128).

4.2 Niðurstöður – frumlög

Í töflu 7 eru niðurstöður um þróun frumlagsfalls. Til að sjá niðurstöður fyrir hvert fall fyrir sig greindum við furðufall í frumlögum í tvennt, þ.e. þolfall og eignarfall. Reglufall í frumlögum er aðeins eitt, þágufall.

Tafla 7. Niðurstöður – frumlög.

	Nefnifall/ formgerðarfall	Reglufall (Þágufall)	Furðufall (Þolfall)	Furðufall (Eignarfall)
Frumlög desember	98,5% (233/237)	75% (9/12)	? (7/7)	/
Frumlög maí	99% (232/234)	92% (45/49)	80% (4/5)	0% (0/1)

Tölurnar sýna í prósentum þau föll sem greinilega voru rétt, þ.e. óræðu dæmin eru tekin út. Í svigunum eru hlutfallstölur. Við sjáum í töflu 7 að nefnifall er rétt í 98,5% tilfella í desember – það eru 233 dæmi rétt af 237. Nefnifallið er rétt í 99% tilfella í maí. Reglufall í frumlögum er rétt í 75% tilfella í desember og 92% í maí. Lítum nú á furðuföllin. Spurningarmerkið í töflunni merkir að ekki var hægt að sjá hvaða fall var á þolfallsfrumluginu í desember, öll dæmin voru óræð. Óræðu dæmin eru tekin með hér til að sýna að málnemar nota sagnir með þolfallsfrumlagi þó ekki sé hægt að greina fallið nákvæmlega. Í maí notuðu málnemar furðufall eða þolfall í frumlögum rétt í 80% tilvika en við sjáum að dæmin er fá, það eru fimm dæmi alls og fjögur þeirra eru rétt. Skástrikið við eignarfallið í desember merkir að ekkert dæmi var um furðufall sem eignarfall í desember. Í maí var aðeins eitt dæmi um eignarfall í frumlagi og það var ekki rétt.

Niðurstöður athugunarinnar fyrir frumlagsfall eru skýrar hvað varðar þróun nefnifalls og reglufalls og í samræmi við spá okkar sem við settum fram í kafla 3.2. Nefnifall í frumlögum lærir strax og nánast frávikalaust. Reglufall í frumlögum, þágufall, lærir tiltölulega fljótt og styrkist með tímanum og verður nánast frávikalaust í maí. Um þróun furðufallsins er erfiðara að draga ályktanir vegna óræðu þolfallsfrumlaganna í desember en í maí er notkunin lítil en

nokkuð rétt. Eignarfall sem furðufall í frumlagi kemur ekki fyrir í desember og aðeins einu sinni í maí og er þá ekki rétt. Niðurstöðurnar hvað varðar frumlag benda til að þróunin sé á þessa leið:

nefnifall → reglufall → furðufall

4.3 Niðurstöður – andlög

Í töflu 8 er yfirlit yfir niðurstöður úr athugun okkar á þróun andlagsfalls. Eins og fram kom í kafla 2.2.2 er þágufall í andlögum sem tengist merkingarhlutverkinu mark reglufall. Önnur þágufallsandlög og öll eignarfallsandlög eru furðuföll, þ.e. ófyrirsegjanleg út frá merkingu.

Tafla 8. Niðurstöður – andlög.

	Þolfall	Reglufall (Þágufall)	Furðufall (Þágufall)	Furðufall (Eignarfall)
Andlög desember	47% (25/53)	80% (20/24)	12,5% (2/16)	/
Andlög maí	74% (17/23)	100% (3/3)	31% (4/13)	100% (6/6)

Tölurnar sýna í prósentum þau föll sem greinilega voru rétt. Í svigunum eru hlutfallstölur. Við sjáum í töflu 8 að þolfall er rétt í 47% tilfella í desember – það eru 25 dæmi rétt af 53. Þolfallið er rétt í 74% tilfella í maí, 17 dæmi eru rétt af 23. Reglufall (þgf.) í andlögum er rétt í 80% tilfella í desember og 100% í maí en dæmin þar eru reyndar mjög fá eða aðeins þrjú. Þágufall sem furðufall í andlögum er rétt í 12,5% tilvika í desember og í 31% tilvika í maí. Eignarfall sem furðufall kemur ekki fyrir í desember en þau 6 dæmi sem koma fyrir í maí eru öll rétt.

Niðurstöður athugunarinnar um þróun andlagsfalls eru skýrar hvað varðar reglufall og furðufall. Þágufallið sem reglufall lærir snemma og næstum án fráviks. Þágufall sem furðufall lærir mun síðar og það virðist vefjast fyrir málnefum allan tímann. Þágufall sem furðufall styrkist þó örlítið með tímanum en þar ríkir þó enn mikil óreiða í maí. Eignarfall sem furðufall kemur fyrst fyrir í maí

og kemur þá fyrir frávikalaust. Þolfall í andlögum virðist samkvæmt þessum niðurstöðum lærast síðar en reglufall í andlögum en það styrkist nokkuð á tímabilinu en þó eru frávik enn nokkuð mörg í maí.

Þegar litið er á niðurstöðurnar í töflu 8 benda þær til að fall andlaga þróist á þessa leið:

reglufall (þgf.) → furðufall (ef.) → þolfall²⁴ → furðufall (þgf.)

5. Umræður og lokaorð

Þegar niðurstöður eru bornar saman við fallspána sem sett var fram í kafla 3.2 má segja að spáin standist fyrir frumlög og þróunin í frumlögum er í þessari röð: nefnifall → reglufall → (furðufall²⁵). Fallspáin fyrir andlög stenst líka. Við spáðum því að tileinkunar-röðin væri bein vörpun → reglufall → formgerðarfall/furðufall. Þar sem athugunin náði ekki að sýna fram á hvenær þolfall yrði formgerðarfall sýna niðurstöðurnar aðeins að bæði furðufall sem eignarfall og þágufall kemur síðar en reglufall en það er í samræmi við spána. Hlutfallstölurnar fyrir þolfallið, sérstaklega í desember, benda þó til þess að notkun málnema á þolfalli í andlagssæti sé afleiðing beinnar vörpunar fremur en að það sé orðið setningarlegt. Tölurnar fyrir þolfallið í maí sýna talsvert færri frávik frá rétttri notkun sem bendir til þess að formgerðarfall sé að verða til.

Formgerðarfallið í íslensku sem öðru máli þarf að skoða sérstaklega og freista þess að greina ferlið frá beinni vörpun yfir í setningarlega úrvinnslu í frumlögum og andlögum. Sú rannsókn bíður betri tíma.

Athugun af þessu tagi hefur í raun tvíþætt fræðilegt gildi, þ.e. að vera prófsteinn á kenningu um máltileinkun og varpa ljósi á eðli og eiginleika íslenska fallakerfisins. Athugun okkar á fallmörkun í íslensku sem öðru máli og niðurstöður hennar styðja tileinkunar-

24 Hér notum við hugtakið þolfall í stað formgerðarfalls þar sem við getum ekki fullyrt út frá niðurstöðum okkar að þolfall sé orðið setningarlegt fall.

25 Eins og sjá má í töflu 7 var erfitt að draga ályktanir um furðuföll í frumlögum þar sem dæmin voru fá og mörg þeirra óræð.

stigveldi úrvinnslukeningarinnar. Fallaflóra íslenskunnar, einkum orðasafnsföll, og tileinkun hennar getur greinilega út frá þessari litlu athugun verið mikilvægt framlag fyrir kenninguna og skýrt betur þá þætti hennar sem enn hafa ekki verið útfærðir nákvæmlega með stuðningi af rannsóknum. Baten skýrði í sinni rannsókn aðeins þróun tengslanna á milli setningastöðu og málfræðihlutverka. Okkar athugun er hins vegar fyrsta skrefið til að skýra þróun tengslanna á milli merkingarhlutverka og málfræðihlutverka. Gögn í íslensku sem öðru máli og rannsókn á þeim geta líka verið mikilvægt framlag til styðja almennar kenningar um föll í íslensku. Niðurstöður athugunarinnar benda t.d. til þess að regluföll séu auðlærðari en furðuföll og formgerðarföll.

Hagnýtt gildi rannsókna af þessu tagi felst í því að auðvelda kennurum að velja þau málfræðiatríði sem þeir ætla að taka fyrir og ákveða röð þeirra. Ekki síður eru rannsóknir sem þessar gagnlegar fyrir kennara til að auka skilning þeirra á því að málfræðilegt atríði, t.d. þágufallsandlag, getur verið á ólíkum erfiðleikastigum í tileinkunarferlinu af því að um tvö ólík fyrirbæri, eða föll, er að ræða. Niðurstöður sem þessar auka því skilning kennara bæði á málkerfi íslenskunnar og viðfangsefni málnemanna.

ÚTDRÁTTUR

Fallatileinkun í íslensku sem öðru máli

Í greininni er úrvinnslukenning Pienemanns (1998 og 2005) kynnt og gerð grein fyrir fallarannsókn á þýsku sem öðru máli sem Kristof Baten (2011) gerði í ljósi úrvinnslukenningarinnar. Þá er sett fram spá um tileinkun falla í íslensku sem öðru máli. Að lokum er sagt frá niðurstöðum athugunar á þróun fallatileinkunar í íslensku sem öðru máli og þær ræddar í samhengi við úrvinnslukenningu Piene-
manns.

Niðurstöður athugunar okkar styðja úrvinnslukenningu Piene-
manns og benda til þess að tileinkun falla í frumlögum sé á þessa leið: nefnifall → reglufall (þágufall) → furðufall (þolfall og eignarfall). Í andlögum er röðin hins vegar á þessa leið: reglufall (þágufall) → furðufall (eignarfall) → þolfall → furðufall (þágufall)

Lykilorð: máltileinkun, úrvinnslukenningin, tileinkunarstigveldi, orðasafnsfall, setningarlegt fall

ABSTRACT

Case Acquisition in Icelandic as a Second Language

This article introduces Pienemann's Processability Theory (1998 and 2005) as well as research on case acquisition in German as a second language on the basis of Processability Theory (Baten 2011). A hypothetical sequence for case acquisition in Icelandic as a second language is also formulated. Finally, results of a cross-sectional study on case acquisition in Icelandic are introduced and discussed on the basis of Processability Theory.

The results suggest a development in line with Processability Theory and the development for subjects seems to be as follows: nominative → thematic case (dative) → idiosyncratic case (accusative and genitive). For object the development sequence seems to be as follows: thematic case (dative) → idiosyncratic case (genitive) → accusative → idiosyncratic case (dative).

Keywords: second language acquisition, processability theory, developmental hierarchy, lexical case, structural case

HEIMILDIR

- Ásgrímur Angantýsson. 2001. „Skandinavísk orðaröð í íslenskum aukasetningum.“ *Íslenskt mál* 23, bls. 95–122.
- Ásgrímur Angantýsson. 2011. *The Syntax of Embedded Clauses in Icelandic and Related Language*. Doktorsritgerð. Hugvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Ásta Svavarsdóttir. 1982. „Þágufallssýki“. *Íslenskt mál* 4, bls. 19–62.
- Ásta Svavarsdóttir, Gísli Pálsson og Þórólfur Þórlindsson. 1984. „Fall er fararheill. Um fallnotkun með ópersónulegum sögnum.“ *Íslenskt mál* 6, bls. 33–55.
- Ásta Svavarsdóttir og Margrét Jónsdóttir. 1998. *Íslenska fyrir útlendinga. Kennslubók í málfræði*. 2. útgáfa. Reykjavík: Málvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Baten, Kristof. 2011. „Processability Theory and German Case Acquisition.“ *Language Learning* 61(2), bls. 455–505.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1983. „Þágufallssýkin og fallakerfi íslensku.“ *Skíma* 6(2), bls. 3–6.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1984. „Af lýsingarorðsviðurlögum.“ *Íslenskt mál* 6, bls. 57–80.
- Ellis, Rod. 1994. *The Study of Second Language Acquisition*. Oxford: Oxford University Press.
- Höskuldur Þráinsson. 2005. *Setningar. Handbók um setningafræði*. Íslensk tunga III. Meðhöfundar: Eiríkur Rögnvaldsson, Jóhannes Gísli Jónsson, Sigríður Magnúsdóttir, Sigríður Sigurjónsdóttir og Þórunn Blöndal. Reykjavík: Almenna bókafélagið.
- Höskuldur Þráinsson. 2007. *The Syntax of Icelandic*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Håkansson, Gisela, Pienemann, Manfred, og Sayehli, Susan. 2002. „Transfer and Typological Proximity in the Context of L2 Processing.“ *Second Language Research* 18, bls. 250–273.
- Jóhanna Barðdal. 2011. „Lexical vs. Structural Case: A False Dichotomy.“ *Morphology* 21(3–4), bls. 619–659.
- Jóhannes Gísli Jónsson. 1997–98. „Sagnir með aukafallsfrumlagi.“ *Íslenskt mál* 19–20, bls. 11–43.
- Jóhannes Gísli Jónsson. 2005. „Merkingarhlutverk, rökliðir og fallmörkun.“ *Setningar. Handbók um setningafræði* (bls. 350–409). Íslensk tunga III. Meðhöfundar: Eiríkur Rögnvaldsson, Jóhannes Gísli Jónsson, Sigríður Magnúsdóttir, Sigríður Sigurjónsdóttir og Þórunn Blöndal. Reykjavík: Almenna bókafélagið.
- Jóhannes Gísli Jónsson og Þórhallur Eyþórsson. 2003. „Breytingar á frumlagsfalli í íslensku.“ *Íslenskt mál* 25, bls. 7–40.
- Jóhannes Gísli Jónsson og Þórhallur Eythórsson. 2005. „Variation in Subject Case Marking in Insular Scandinavian.“ *Nordic Journal of Linguistics* 28(2), bls. 223–245.
- Jóhannes Gísli Jónsson og Þórhallur Eythórsson. 2011. „Structured Exceptions and Case Selection in Insular Scandinavian.“ *Expecting the Unexpected. Exceptions*

- in the Grammar (bls. 213–241). Ritstj. Horst Simon og Heike Wiese. Berlin: Mouton de Gruyter.
- Kolbrún Friðriksdóttir. 2004. *Íslenska sem annað mál: Hvernig lærist fallbeyging nafnorða í íslensku?* Óprentuð MA-ritgerð. Reykjavík: Háskóla Íslands.
- Maling, Joan. 2001. „Dative: The Heterogeneity of the Mapping among Morphological Case, Grammatical Functions, and Thematic Roles.“ *Lingua* 11, bls. 419–464.
- Maling, Joan. 2002. „Það rignir þágufalli á Íslandi. Verbs with Dative Objects in Icelandic.“ *Íslenskt mál* 24, bls. 31–105.
- María Anna Garðarsdóttir og Sigríður Dagný Þorvaldsdóttir. 2012. *Í öllu falli. Úrvinnslukenningin og fallatileinkun í íslensku*. Óprentuð MA-ritgerð. Reykjavík: Háskóla Íslands.
- Martin, Maisa. 2002. „The Aquisition of Adjective Agreement in Finnish as a Second Language – and other Thoughts on the Processability Theory.“ *Forskning i nordiske sprog som andet- og fremmedsprog*. Rapport fra konference í Reykjavík 23.–25. maj 2001 (bls. 140–152). Ritstj. Auður Hauksdóttir, Birna Arnbjörnsdóttir, María Garðarsdóttir og Sigríður Þorvaldsdóttir. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Pienemann, Manfred. 1998. *Language Processing and Second Language Development: Processability Theory*. Amsterdam: John Benjamins.
- Pienemann, Manfred. 2005. „An Introduction to Processability Theory.“ *Cross-Linguistic Aspects of Processability Theory* (bls. 1–60). Ritstj. Manfred Pienemann. Amsterdam: John Benjamins.
- Pienemann, Manfred. 2007a. „Language Processing Capacity.“ *The Handbook of Second Language Acquisition* (bls. 679–714). Ritstj. Catherine J. Doughty og Michael H. Long. Malden: Blackwell Publishing.
- Pienemann, Manfred. 2007b. „Processability Theory.“ *Theories in Second Language Acquisition. An Introduction* (bls. 137–154). Ritstj. Bill VanPatten og Jessica Williams. Mahwah, New Jersey: Lawrence Earlbaum Associates.
- Pienemann, Manfred, Di Biase, Bruno, og Kawaguchi, Satomi. 2005. „Extending Processability Theory.“ *Cross-Linguistic Aspects of Processability Theory* (bls. 199–251). Ritstj. Manfred Pienemann. Amsterdam: John Benjamins.
- Svavar Sigmundsson. 1987. „Íslenska í samanburði við önnur mál.“ *Íslenskt mál* 9, bls. 95–109.
- Yip, Moira, Maling, Joan, og Jackendoff, Ray. 1987. „Case in Tiers.“ *Language* 63, bls. 217–250.
- Zaenen, Annie, og Maling, Joan. 1990. „Unaccusative, Passive and Quirky Case.“ *Modern Icelandic Syntax* (bls. 137–152). Ritstj. Joan Maling og Annie Zaenen. San Diego: Academic Press.
- Zaenen, Annie, Maling, Joan, og Höskuldur Thráinsson. 1985. „Case and Grammatical Functions: The Icelandic Passive.“ *Natural Language and Linguistic Theory* 3, bls. 441–483.
- Þórhallur Eyþórsson. 2000. „Fall á fallanda fæti? Um breytingar á frumlagsfalli í íslensku.“ *Íslenskt mál* 22, bls. 185–204.